

Til nemenda á námskeiðum í Myndlistaskólanum í Reykjavík haustið 2020

Kæru nemendur,

Námskeið skólans hefjast af krafti nú í næstu viku. Það er okkur mikið fagnaðarefni að geta tekið á móti ykkur og unnið með ykkur í hefðbundnu staðnámi en eins og allir vita er ástandið enn nokkuð óstöðugt og því höfum við gripið til ákveðinna ráðstafana í sóttvarnaskyni. Ég bið ykkur að lesa vel þær umgengnisreglur sem við höfum sett en til þess að geta haldið skólanum gangandi þurfum við öll að vera samtaka.

Þau ykkar sem eruð að mæta í fyrsta sinn og vitið ekki hvert þið eruð að fara mætið í anddyrið á 2. hæð t.v. og þaðan verður ykkur leiðbeint til stofu í fyrsta tíma. Inngangar og bílastæði eru beggja vegna hússins. Kl. 20:15 smella allar hurðir í lás og eftir það er eingöngu hægt að fara út, ekki inn.

Námskeiðin eru á framhaldsskólastigi og því gilda reglur um eins meters fjarlægð á milli einstaklinga. Í flestum stofum tekst okkur þó að hafa aðeins rýmra. Við biðjum ykkur um að halda ykkur á ykkar stað eins og hægt er (við ykkar borð, rennibekk, trönur...) og ganga ekki um stofuna eða skólann að óþörfu. Þegar kennslu lýkur biðjum við ykkur um að ganga beint út.

Handspritt er á göngum og í hverri stofu. Vinsamlega sprittið hendur í upphafi tíma og eftir þörfum. Einnig biðjum við ykkur um að hjálpa okkur við að halda stofunni hreinni, t.d. með því að skilja vel við vinnusvæðið svo fljótlegt sé að sóttthreinsa það áður en næsti nemendahópur kemur í húsið.

Kaffistofa skólans er lokuð. Ef þið þurfið hressingu má hafa með sér drykk í flösku eða jafnvel eigin kaffibrúsa og bolla eða einfalt nesti sem þið neytið í stofunni. Vinsamlegast takið umbúðirnar með ykkur í lok tímans.

Þið þurfið að nota eigin verkfæri að svo miklu leyti sem það er mögulegt. Þessa hluti má kaupa í myndlistarvöruslunum en skrifstofa skólans er með eftirtalin verkfæri til sölu á góðu verði:

Blyantar á ýmsu hörkustigi	250 kr
Strokleður	200 kr
Skissubækur	600 kr
Dúkahnífar	500 kr
Penclar fyrir vatnslit og gouache	300/500/600 kr eftir stærð
Málarateip	200 kr
Keramiksett, 8 hlutir	4.200 kr

Skrifstofan er opin til kl. 18:00.

Vonandi sættið þið ykkur við þessar reglur. Við munum að sjálfsögðu endurskoða þær eftir því sem tilefni gefst til.

Með bestu kveðjum frá starfsfólki Myndlistaskólans í Reykjavík